

17.11.2023

Minnisblað frá sáá til fjárlaganefndar í kjölfar fundar þann 2. Nóvember 2023

Sáá þakkar fjárlaganefnd og nefndarmönnum kærlega fyrir velvilja í gegnum árin og tækifærin til að koma fyrir nefndina ár eftir ár.

Hvað vantar? Af hverju komum við á hverju ári til fjárlaganefndar?

Hallinn á heilbrigðisþjónustu sáá 2023 er 370 mkr

Sjúkrahúsið Vogur var rekið á 70% afköstum (42/60 rúmum opin)

Meðferðarstöðin Vík var lokað í 6 vikur í sumar

Göngudeild var lokað í 6 vikur í sumar

Lyfjameðferð við óþjónuðafíkn (**LOF**) er óbreytt frá fyrra ári með um 350 einstaklingum í þjónustu

Þrátt fyrir tímabundið fjárframlag fjárlaganefndar fyrir 2023: 120 mkr og vilyrði fyrir því að lyfjameðferð við óþjónuðafíkn verði greidd, þá hafa þessir fjármunir ekki skilað sér til okkar – en við gerum ráð fyrir þeim. Þrátt fyrir þau mikilvægu framlög er halli á heilbrigðisþjónustunni **150 mkr**

Fyrir fjárlagaárið 2024 eru þessir fjármunir ekki tryggðir:

-120 mkr tímabundið fjárframlag fellur niður í fjárlagafrumvarpi

-100 mkr fyrir áframhaldandi lyfjameðferð við óþjónuðafíkn fyrir 350 einstaklinga er ekki í framlögum til okkar fyrir 2024

-150 mkr áframhaldandi fjármögnunargat

Sú skerta þjónusta sem veitt var 2023 mun því að óbreyttu skerðast enn meir.

Við biðlum til fjárlaganefndar að standa vörð um þjónustu sáá:

- Færa aftur inn tímabundin framlög **120 mkr** á fjárlög 2024
- Stuðla að heildarsamningi um þjónustu sáá sem tekur mið af þeirri þjónustu sem er hægt að veita og þarf til framtíðar
- Stuðla að því að keypt sé heilbrigðisþjónusta af sáá í því magni sem mætir aðkallandi þörf fólks með fíknisjúkdóm:
 - **400 mkr fjárveitingu** þarf til að mæta:
 - Núverandi fjölda í afeitrun og meðferð á Sjúkrahúsinu Vogu
 - Aðgengi að inniliggjandi meðferð á Vík allt árið
 - Lyfjameðferð við óþjónuðafíkn fyrir 350 einstaklinga
 - Göngudeildarþjónustu allt árið þ.á.m. fjarheilbrigðisþjónustu

Við óskum eftir liðsinni fjárlaganefndar og að nefndin fjalli um í nefndaráliti sínu mikilvægi þess að tryggja viðunandi þjónustu og þjónustuframboð fyrir fólk með fíknisjúkdóm. Meðfylgjandi er rekstraráætlun 2024.

Með vinsemd og virðingu,

Anna Hildur Guðmundsdóttir, formaður sáá

Heilbrigðissvið áætlun fyrir árið 2024 í þús.kr.

	Vogur	LOF	Vík	Göngud Rvk	Samtals
REKSTRARTEKJUR					
Framlög á fjárlögum	936,000	33,455	270,000	116,000	1,355,455
Seld þjónusta	2,300	6,410	90,450	21,150	120,310
	938,300	39,865	360,450	137,150	1,475,765
REKSTRARJÖLD					
Laun og launatengd gjöld	813,615	91,930	233,410	155,550	1,294,505
Annar rekstrarkostnaður	167,970	36,920	92,800	24,900	322,590
Húsaleiga	112,700	11,270	118,000	31,200	273,170
Sameiginlegur kostnaður	68,000	14,800	13,000	10,700	106,500
	1,162,285	154,920	457,210	222,350	1,996,765
					-
HAGNAÐUR/-HALLI	- 223,985	-115,055	- 96,760	- 85,200	- 521,000